

endursent hann formanni stjórnar og forseta bæjarstjórnar með athugasemdum sínum eigi síðar en 1. júlí.

16. gr.

Hreinum arði eftir ársreikningum, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem stjórnin ákveður til fyrningar af bókuðu eignarverði félagsins, skal ráðstafa þannig:

- a. Bæjarstjórn ákveður, hversu mikið skuli leggja í endurnýjunar- og varasjóð og aðra þá sjóði, sem stofnaðir kunna að verða.
- b. Bæjarstjórn ákveður, hvort greiða skuli arð af framlögðu stofnfé.
- c. Það, sem eftir verður, skal yfirfært til næsta árs.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir bæjarstjórn tillögur um skiptingu ársarðs.

V.

Tilkynningar til firmaskrár, breytingar á samþykktum. Félagsslit.

17. gr.

Stjórn félagsins tilkynnir um stofnun þess til firmaskrár, svo og breytingar á samþykktum, stjórn og prókúru, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

18. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur sett samþykkt þessa og getur breytt henni. Leita skal staðfestingar félagsmálaráðherra á breytingum, áður en þær eru tilkynntar til firmaskrár, með sama hætti og leitað er staðfestingar ráðherra á samþykktum félagsins í heild, sbr. 5. gr. laga nr. 24/1972.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, ef ráðlegt eða nauðsynlegt þykir, að slíta félaginu. Til félagsslita þarf samþykki $\frac{2}{3}$ hluta bæjarstjórnarfulltrúa.

Nú samþykkir bæjarstjórn að slíta félaginu og skal hún þá kveða á um, hvernig skuli ráðstafa eignum þess og greiðslu skulda. Bæjarstjórn ákveður, hvort skiptarétturinn skuli taka búið til skiptameðferðar eða hvort kjósa skuli skilanevnd til þess að sjá um skiptin.

Slík skilanevnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Grindavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur ein heimild til að leggja holræsi í Grindavík, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því í aðalæð.

3. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrir mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða sveitarsjóði tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfi hreppsins.

Tengigjald þetta skal vera kr. 30 000.00 fyrir hús með einni íbúð, en kr. 10 000.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina. Þó skulu hús, sem eru 350 m³ eða minni, teljast ein íbúð.

Fyrir atvinnuhúsnæði skal tengigjaldið vera kr. 50 000.00 fyrir hverja tengingu.

Húseigandi getur eigi krafist tengingar við holræsakerfið, fyrr en tengigjaldið er greitt eða um það hefur verið samið.

Þá skal og hver húseigandi greiða árlegt holræsagjald í sveitarsjóð er nemi 0.1% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Holræsagjöldin skal reikna í heilum krónum. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðarhafa á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

Árlegur gjalddagi holræsagjalda er 15. janúar ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum, sem renna í sveitarsjóð.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.